



PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Björg Erlingsdóttir

Efni annars pistils:

- Vaðlaheiðargöng
- Líf og fjör í Valsárskóla
- Fundur umhverfis- og atvinnumálanefndar
- Íbúafundur um snjómokstur
- Fjárhagsáætlun


Vaðlaheiðargöng

Vinnu við malbikun Vaðlaheiðarganga hefur seinkað og útlit er fyrir að ekki náist að ljúka nauðsynlegum framkvæmdum fyrir 1. desember. Vonandi næst að hleypa umferð á göngin fyrir jólin en formlegri opnun hefur verið frestað. Þegar af verður eigum við eftir að gleðjast enda mikil samgöngubót fyrir íbúa svæðisins og gesti. Vinnuhópur skipuleggur opunarhátíðina og gert er ráð fyrir opnu “húsi” í göngin þar sem íbúum gefst kostur á að skoða sig um í göngunum án þess að umferð trufli þá upplifun. Fulltrúar frá Svalbarðsstrandarhreppi og Þingeyjarsveit sitja í þessum vinnuhópi ásamt fulltrúum frá Vaðlaheiðargöngum og Akureyrarbæ. Boðið verður til kaffisamsætis að lokinni formlegri opnun en dagskráin verður kynnt þegar nær dregur.

Líf og fjör í Valsárskóla

Á hrekkjavöku buðu eldri nemendur Valsárskóla yngri nemendum og starfmönnum uppá göngu um hrillingsgang þar sem uppvakningar og óhugnanlegar sálir hrektu og hræddu gesti. Nemendur lögðu mikið á sig við að hrekkja samnemendur sína og kennara og mátti heyra óp og öskur innan af ganginum áður en leyfi gafst til að hefja gönguna. Drungi og óhugnaður beið þeirra sem leið áttu um og mikill léttir að komast útúr þessum hrillingsgangi. Kennarar og starfsmenn skólans tóku virkan þátt og átti ég erfitt með að sjá hver var hvað þegar allir voru komnir í búninga og léku sín hlutverk til hins ýtrasta.

Og svo er það snjórinn sem setur mark sitt á dagana og fyrir framan skólann má greinlega sjá að hjólin eru komin inn í geymslur og snjósleðar hafa leyst þau af hólmi. Við þurfum að hafa í huga á að dögum sem þessum er verið að nýta brekkur og hóla og kappið getur verið mikið hjá sleðaköppum og um að gera fyrir akandi að hafa það í huga.





PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Björg Erlingsdóttir

Efni annars pistils:

- Vaðlaheiðargöng
- Líf og fjör í Valsárskóla
- Fundur umhverfis- og atvinnumálanefndar
- Íbúafundur um snjómokstur
- Fjárhagsáætlun

Fundur umhverfis- og atvinnumálanefndar

Umhverfis- og atvinnumálanefnd hittist á sínum fyrsta fundi í byrjun nóvember. Valinn maður er í hverju rúmi og Elísabet Ásgrímsdóttir var valin formaður. Nefndin ræddi ýmis mál og ákvað að funda fyrsta þriðjudag í mánuði klukkan 19:45. Þeir sem vilja koma skilaboðum til nefndarinnar geta sent tölvupóst á sveitarstjori@svalbarðsstrand.is

Sveitarstjórn hefur rætt að næsta ár verði lögð áhersla á umhverfismál og á fundi nefndarinnar var rætt um skiplag sorphirðu, gámasvæðið og umgengni þar, staðsetningu á nýjum tipp fyrir garðaúrgang, útbreiðslu kerfils og leiðir til að

verjast útbreiðslu kerfils og njóla, gönguleiðir og hjólastíga, bekki og ruslatunnur, ástand kantsteina og upplýsingagjöf til íbúa.

Ákveðið var að íbúafundur um sormál yrði á samhliða fundi um snjómokstur og verður fundurinn haldinn þriðjudaginn 13. nóvember kl. 20:00 í Valsárskóla.

Íbúar eru hvattir til þess að mæta og taka þátt í umræðunni. Farið verður yfir skiplag snjómoksturs næstu misserin, hlutverk Vegagerðar og sveitarfélagsins skýrð og farið yfir reglur sveitarfélagsins þegar kemur að snjómokstri. Sorphirðumál og umgengni um gámasvæðið eru málefni sem brenna á mörgum. Auk þess að ræða um snjómosktur verður rætt um sorphirðumál, fyrirkomulag og leiðir til bættrar umgengni við gámasvæðið, söfnun garðaúrgangs og fleira. Fulltrúi frá Íslenaska gámafélaginu verður á fundinum og gefst íbúum færi á að leggja fram spurningar og skoðanir sínar.

Fjárhagsáætlun 2019

Sveitarstjórn hittist á fundi 29. október þar sem farið var yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 6 mánuði ársins, farið yfir gjaldskrá ársins 2019 og tekjuliði sveitarfélagsins. Viðbúið er að útsvarstekjur dragist saman nú þegar hillir undir lok framkvæmda við Vaðlaheiðargöng og ákvað sveitarstjórn að engin breyting yrði gerð á fasteignagjöldum og útsvari árið 2019. Gjaldskrá sveitarfélagsins verður birt á heimasíðu sveitarfélagsins eftir að formlegri afgreiðslu er lokið. Sveitarstjórn hittist svo á vinnufundi laugardaginn 3. nóvember þar sem farið var yfir helstu gjaldaliði og línur lagðar um helstu verkefni framundan. Vinna við gerð fjárhagsáætlunar er langt komin en gert er ráð fyrir að opinn fundur verði um fjárhagsáætlun ársins 2019 í lok nóvembermánaðar. Mikilvægt er að vel sé haldið á málum við gerð fjárhagsáætlunar en í ljósi þess að framundan eru kjaraviðræður auk þess sem hluti útsvargreiðenda yfirgefur sveitarfélagið við opnun Vaðlaheiðarganga er ljóst að stíga þarf varlega til jarðar og nýta næsta ár til áætlanagerðar út frá þeirri stöðu sem blasir við okkur eftir gerð kjarasamninga og þær breytingar sem hér var minnst á. Svalbarðsstrandarhreppur stendur vel og miða áætlanir sveitarstjórnar að því að viðhalda sterkri stöðu um leið og horft er til framtíðar, verkefni skipulögð og þeim forgangsraðað.

Ég geri ráð fyrir að næsti pistill verði skrifaður í byrjun desember og vonandi verður búið að hleypa umferð á göngin þegar næsti pistill verður skrifaður